

Húsavík, 12. janúar 2020.

Umsögn um Frumvarp til kosningalaga, 339. mál – lagafrumvarp, á 151. löggjafarþingi 2020-2021.

Undirritður leyfir sér með bréfi þessu að senda inn umsögn um 339. mál, frumvarp um ný kosningalög. Sveitarfélaginu Norðurþingi barst beiðni frá ykkur um umsögn þann 18.12.2020, vegna þessa frumvarps og gefinn var frestur til að senda inn umsögnir til 12.01.2021.

Rétt þykir að upplýsa Alþingismenn og starfsmenn þingsins að víða út í í samfélaginu eru fundarhöld og pælingar um lagafrumvörp og annað tengt stjórnálagum í lágmarki á þessum tíma. Íbúar landsins eru að undirbúa og halda Jól og Áramót. Almenn atvinnulíf og stjórnsýsla er víðast hvar í lágmarki á þessu tímabili, fyrirtæki og stofnanir eru í einhverjum tilvikum lokaðar og starfsmenn þessara aðila og íbúar í kærkomnu leyfi með fjölskyldum sínum.

Undirritaður, sem er formaður yfirkjörstjórnar Norðurþing, leyfir sér að senda hér inn nokkrar ábendingar í eigin nafni. Umsögnin speglar hans eigin skoðanir.

1. Frumvarp til kosningalaga er í heildina til mikilla bóta, sameinað er í einn lagabálg lög um fjórar mismundi kosningar, til Alþingiskosningar, Sveitastjórnarkostningar, Forsetakosningar og Þjóðaratkvæðagreiðslur. Jákvætt er að sameina þessi lög og einfalda.
2. Í 3. og 4. grein er fjallað um kosningarétt. Mat mitt er að best sé að sömu reglur gildi fyrir allar kosningarnar, til að minnka flækjustig og óvissu með þessi mikilvægu réttindi. Erfitt er að sjá rök fyrir því að einstaklingur hafi kosningarétt til að kjósa í Borgarstjórn Reykjavíkur en ekki þingmenn fyrir sama svæði. Við framkvæmd kosninga veldur misræmi í þessum efnum óvissu og óánægju.

Velta má upp hvaða rök séu fyrir því að ríkisborgarar á Íslandi hafi kosningarétt í 16 ár, eftir að þeir flytja burt af landinu. Þeir greiða ekki skatta og hafa engar skuldbindingar í heimalandinu, en hafa áfram rétt til þátttöku í kosningum. Í þessu efni væri rétt að líta að hámarki til ca. 5 ára (háskólanám til mastersprófs).

3. Framkvæmd kosninga á Íslandi er flókin, tímafrek og of dýr. Að kosningum koma ráðuneyti, sýslumenn og öll sveitarfélög landsins. Í venjulegum kosningum t.d. til Alþingis fer utankjörfundaratkvæðagreiðslan aðallega fram hjá sýslumönnum (Ríkið), atkvæði eru síðan send til Kjörstjórna sveitarfélaga (Sveitarfélög) og að loknum kjörfundi að kvöldi kosningadags fara atkvæðin til talninga hjá kjörstjórnnum kjördæmana (Ríkið). Á s.l. árum hefur í auknu mæli blandast saman mismundi stjórnsýslueiningar við framkvæmd kosninga, t.d. í utankjörfundaratkvæðagreiðslu, t.d. samvinna Sýslumanna og sveitarfélaga í þeim sveitarfélögum þar sem ekki eru skrifstofur sýslumanna.

Í þessu ferli eiga sér stað þrjár afstemmingar og tvær afhendingar kjörgagna. Til verksins eru kosin/ráðin þrjú sett af fulltrúum og starfsmönnum, sem allir eru ráðnir í tímabundin nokkra klukkustunda störf u.þ.b. einu sinni á ári. Þessi tilhögun er of dýr og flókin. Erfitt er að ná upp séhæfingu og reynslu.

Tillaga mín er sú að sýslumenn (Ríkið) annist þessa framkvæmd að öllu leiti. Hugsa má að kosningarnar/kjörfundur séu ein 30 daga heild, þar sem hægt er að greiða atkvæði hjá sýslumönnum á þessu tímabili, þ.e. beina kosningunum á lengra tímabil. Þau atkvæði sem eiga ekki heima í viðkomandi kjördæmi eða sveitarfélagi teljast þá utankjörfundaratkvæði og sendast á milli sýslumanna.

Í stað þess að starta þremur mismundi hópum fulltrúa og starfsmanna, oft í sama sveitarfélaginu, verður framkvæmd kosninga á einni hendi. Með því verður framkvæmd,

upplýsingatækni og önnur þannig atriði skilvirkari og ódýrari, heldur en að manna og koma upp 200-300 nýjum misvel útbúnum kjörstöðum.

4. Í 69. grein frumvarpsins er fjallað um utankjörfundaratkvæðagreiðslu og heimildir hvar og hvernig megi halda þær. Í þessu sambandi þurfa lögin að vera skýr hvað það varðar hvar hún getur farið fram og hvar ekki. Allir kjósendur þurfa að búa við sömu réttindi og möguleika í þessu efni og aðgengi má ekki vera háð ákvörðunum frá einum einstaklingi. Sjálfsagt er að bjóða þeim sem ekki á heimangengt vegna vanhæfni (veikinda, aldurs eða fötlunar) betri aðgengi, en ákv. þurfa að vera skýr og ná eins um alla.

Ef frekari upplýsinga eða skýringa er þörf, þá endilega hafið samband.

Kærar kveðjur!
Ágúst Sigurður Óskarsson
Auðbrekku 16, 640 Húsavík
kt. 260566-3509